

Reykjavík 06.02.2022

Félag íslenskra öldrunarlækna (FÍÖ) fagnar því að *tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu í aðdraganda aðgerðaáætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða* sé komin fram og þakkar fyrir tækifærið á að senda inn umsögn.

FÍÖ er sammála mikilvægi þess að slík aðgerðaáætlun verði unnin enda margoft bent á að aldursamsetning þjóðarinnar sé að breytast og að við því verði að bregðast. FÍÖ styður að tillagan verði samt sem áður stutt og hnitmiðuð. Það er mat FÍÖ að það sé mjög mikilvægt að þær fyrirætlanir sem fram koma í 1. kafla um stjórnun á þessu sviði nái fram að ganga, ekki síst fyrirhuguð verkefnastjórn og að hún verði skipuð þannig að hún endurspegli bæði þjónustuþega og þjónustuveitendur, sem og fagfólk innan öldrunarfræða.

Sértækar athugasemdir við einstaka kafla/greinar

1. kafli, Forysta til árangurs

Liður b.

Við setninguna bætist: **og þvert á heilbrigðisstéttir.**

2. kafli, Rétt þjónusta á réttum stað

Það komi nýr liður, gæti verið c og þá breytast þeir næstu til samræmis:

c. Endurhæfingarþjónusta aldraða á sjúkrastofnunum og í heimahúsi verði eflað í því skyni að auka og tryggja sjálfsbjargargetu þeirra.

FÍÖ er fylgjandi heildrænu, faglegu mati sem er samræmt. Við leggjum þó áherslu á að matið sé skilvirkt og nýtist einstaklingnum sem og kerfinu í heild. Það er líka mikilvægt að átta sig á því að það þarf líka að vera farvegur fyrir þá sem falla utan matsins og að þarf að koma á formlegum farvegi til að grípa þá einstaklinga svo þeir fái viðeigandi úrlausn sinna mála.

3. kafli, Fólkið í forgrunni

Bætist við liður:

b. Þörf á fjölda í fagstéttum sem þjónusta aldraða verði metin og matið reglulega uppfært.

4. kafli, Virkir notendur

Bætist við liður:

e. Áhrifaríkar forvarnir

5. kafli Skilvirk þjónustukaup

Bætist við liður c og þá breytast þeir næstu til samræmis

b. Settar verði samræmdar reglur um innihald endurhæfingþjónustu við aldraða, bæði innan stofnana og dagdvala, sem og forgangsröðun einstaklinga í þjónustuna.

7. kafli, Hugsað til framtíðar

Tillaga til breytingar á núverandi lið c:

c. Rannsóknastofa Háskóla Íslands og Landspítalans í öldrunarfræðum verði eflað og falin verkefni til nýsköpunar, þróunar og rannsókna á sviði öldrunarfræða og öldrunarþjónustu.

Einnig er mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að án rannsókna, skiplags og verkferla þá mun velferðartækni ekki leysa nein mál. **Leggjum því til að sá liður færist neðar og liður c verði liður a.**

Félagið leggur líka mikla áherslu á að samráð við fagaðila, þjónustuþega og þjónustuveitendur sé lykilatriði til að vel takist til við mótun stefnu og aðgerðaáætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða. Félag íslenskra öldrunarlækna er meira en tilbúið til að koma að þeirri vinnu enda erum við með einstaka innsýn inn í alla þætti öldrunarþjónustu á Íslandi.

Fyrir hönd Félags íslenskra öldrunarlækna

Anna Björg Jónsdóttir, formaður